

Mál nr. 331/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu.****Gögn.**

Málskot móttakið 2.9.201, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V dags. 22.9.2021.
Bréf M, ódagsett.

Málsatvik.

Viðgerðarmaður frá X kom að heimili M til að gera við þvottavél. Var þvottavélin staðsett í innréttingu og þurfti viðgerðarmaðurinn að komast að vélinni. Þegar hann togaði vélina fram úr innréttingunni brotnaði festing á vatnsslöngu vélarinnar með þeim afleiðingum að vatn flæddi um gólf og skemmdir urðu á gólfefni.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna umrædds atviks og byggir krafan á því að M telur að tjónið verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi viðgerðarmannsins. Vísar M m.a. til þess að starfsmaður X hafi vanrækt að athuga hvar vélin væri tengd við vatn og skrífa fyrir vatnsstreymi að vélinni áður en hann tók hana fram. Þá vísar M til þess að starfsmaðurinn hafi ekki gengið úr skugga um hvar krani fyrir vélina var staðsettur eða reynt að afla upplýsinga um það áður en hann hófst handa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með vísan til þess að þegar viðgerðarmaðurinn kom á staðinn hafi hann reynt að afla upplýsinga um hvar vatnskranann væri að finna en fátta verið um svör. Hafnar félagið því sem röngu og ósönnuðu að starfsmaður X hafi ekki reynt að afla upplýsinga um staðsetningu kranans. Þá segir í greinargerð V að starfsmaðurinn hafi kannað hvort kraninn væri í vaskaskáp en hann hafi ekki verið þar. Því næst hafi starfsmaðurinn ákveðið að færa vélina til að kanna hvort kraninn væri fyrir aftan vélina eins og stundum er. Við það hafi slangan brotnað og vatn flætt um gólfíð.

Álit.

Fyrir liggur að aðila greinir á um málsatvik, snýr sá ágreiningur fyrst og fremst að því hvort starfsmaður X hafi reynt að afla upplýsinga um staðsetningu vatnskрана og legu vatnsslöngunnar að þvottavélinni áður en hann hófst handa við að taka vélina úr innréttingunni. Gögn málsins bera með sér að X starfsmaður fyrirtækis sem sérhæfir sig m.a. í viðgerðum á þvottavélum og framkvæmdi hann umrætt verk sem slíkur. Verður því að gera ríkari kröfur til hans en ella um að ganga úr skugga um að óhætt hafi verið að taka þvottavélina fram án þess að tjón hlytist af. Gögn málsins bera með sér að einfalt hefði verið fyrir starfsmanninn að kanna með legu slöngunnar og finna kranann, svo sem með því að kíkja á bakvið skúffur í innréttingunni eða með því að beina vasaljósi milli vélarinnar og innréttingarinnar. Þá verður að líta svo á að nokkur tjónshætta hafi fylgt því að taka vélina fram úr innréttingunni án þess að hafa skrífað fyrir vatnsaðstreymi að vélinni eða ganga úr skugga um það hvar kraninn væri staðsettur. Að teknu tilliti til framangreinds verður að meta það starfsmanninum til gáleysis að hafa dregið þvottavélina fram úr innréttingunni án þess að vera búinn að staðsetja vatnskрана og skrífa fyrir vatnsstreymi að vélinni. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.